

Á þessu ári eru 70 ár frá því Sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Akranesi. Árið 1979 á 40 ára afmæli Sjómannadagsins var gefin út bæklingur á vegum Sjómannadagsráðs og voru í honum greinar og viðtöl. Viðtölin tók Sigurdór Sigurdórsson blaðamaður og eru þau skemmtileg, ég tek mér það bessaleyfi að birta þau hér á síðunni enda eru þau fróðleg einnig skrifaði Herdís Ólafsdóttir fyrrverandi verkalyðsforingi á Akranesi mjög góða grein um Bjarnalaug og byggingu hennar.

Allt var þetta ánægjulegt en erfitt

Rætt við Hallfreð Guðmundsson skipstjóra sem var formaður Sjómannadagsráðs í 16 ár

Sá maðurinn sem lengst hefur verið formaður Sjómannadagsráðs Akraness er Hallfreður Guðmundsson, skipstjóri og síðar hafnsögumaður á Akranesi um langt árabíl. Allir Akurnesingar sem komnir eru til vits og ára muna þennan harðduglega mann. Það er sama hvort var í daglegu starfi eða í félagsmálum, Hallfreði fylgdi alltaf þessi feykna orka og kraftur sem smitaði út frá sér. Nú dvelur þessi víkingur að Hrafnistu í Reykjavík og hvílir sig eftir langa og giftu drjúga starfsævi. Og þangað heimsóttum við hann til að ræða um hið langa og mikla starf hans fyrir Sjómannadagsráð Akraness, en formaður þess var hann í 16 ár eða frá 1948 til 1965.

Nei ég er ekki Akurnesingur, ég er fæddur að Seljalandi í Gufudalssveit 23 júní 1896. Eins og margir ungir menn á Íslandi á þessum árum byrjaði ég til sjós um fermingu, reri fyrst frá Hnífsdal og Ísafirði. en árið 1915 flutti ég til Reykjavíkur og stundaði sjómennsku þaðan. Ég fór svo í Sjómannaskólann 1927 og eftir að honum lauk var ég ýmist stýrimaður eða skipstjóri, en ég tók við hafnsögumannsstarfinu á Akranesi, en til Akraness fluttist ég árið 1935 og átti þar heima þar til ég fluttist hingað að Hrafnistu. Ég hætti hafnsögumannsstarfinu um svipað leyti og ég hætti formennsku hjá Sjómannadagsráði. Sjónin var farin að daprast og var ekki um annað að gera en að hætta þessu öllu saman. Hvenær byrjaði Sjómannadagsráð að starfa? Það var árið 1939 sem það var stofnað og fyrsti formaður var Axel Sveinbjörnsson og hann var formaður fyrstu 4 árin. Næstur á undan mér var Níels Kristmannsson formaður en ég tók við formenskunni 1948.

Var þetta mikið starf á þessum árum? Já bæði mikið starf og erfitt og lenti því miður oft á fáum mönnum. Ég man til að mynda eftir því þegar við vorum með skemmtanir í íþróttahúsinu gamla, þá urðum við að fá lánaða stóla og annað til skemmtanahaldsins og síðan urðum við að bíða þar til allri vinnu lauk og bera þetta allt á sjálfum okkur uppí íþróttahús og til baka aftur eftir að skemmtuninni lauk. Samt sem áður hafði ég mikla ánægju af þessu öllu saman og vildi ekki hafa misst af þessu.

Svo tókum við uppá því að halda skemmtanir í Bíóhöllinni og vorum þá býsna flott á því, fengum leikara og aðra skemmtikrafta úr Reykjavík, þannig að um mjög góða dagskrá var um að ræða. Árið 1954 tókum við upp þann sið að heiðra sjómenn fyrir ýmis afrekog fór sú athöfn fram á skemmtuninni í Bíóhöllinni lengi vel. Fyrstu árin sá ég um að veita þessar heiðursveitingar en síðan tók Sr Jón M Guðjónsson við þessu starfi og hann flutti svo þessa athöfn uppí kirkju og framkvæmdi hana að lokinni sjómannamessunni að morgni Sjómannadagsins. Hann hafði þessa athöfn í fyrsta sinn í kirkjunni, þegar ég var heiðraður, en þeir sem fyrstir hlutu heiðursviðurkenninguna voru Benedikt Tómasson frá Skuld, sem var kunnur skipstjóri á Akranesi hér fyrrum og Ólafur Gunnlaugsson Vélstjóri, það var eins og ég sagði áðan árið 1954.

Stóð Sjómannadagurinn undir sér fjárhagslega, þegar svona mikið var í þetta lagt?

-O þessaður vertu, þetta var eilíft basl fjárhagslega ,eftir að við fórum að fá aðkeypta skemmtikrafta. Allir aðrir sem nálægt þessu komu gáfu vinnu sína, öðruvísi hefði þetta ekki verið hægt, enda var aðgangseyrir afar lágur. Einhvern veginn slapp þetta nú alltsaman og ég man ekki eftir því að við yrðum undir balans. Á árunum milli 1940 til 1950 varð nokkur hagnaður af Sjómannadeginum og þeim hagnaði var eytt til þess að byggja sundlaugina hér á Akranesi, Bjarnalaug. Byrjað var að veita fé til byggingarinnar 1939 og árið 1948 var laugin að fullu greidd. Það var myndarlegt afrek. Síðar keyptum við kappróðrabáta og létum byggja skýli yfir þá, en það brann svo allt saman síðar. Eins og ég sagði áðan minnkaði hagnaðurinn af sjómannadeginum eftir að við fórum að leggja meira í skemmtunina og hann varð aldrei verulegur eftir það.

Var ekki sjómannadagurinn einn aðal hátíðisdagur ykkar á Akranesi á þessum árum?

Jú vissulega var hann það, þannig var þetta líka í flestum sjávarplássum á Íslandi. ég vissi um fólk sem aldrei fór út að skemmta sér nema á Sjómannasunnudaginn. Og það er eins með mig og svo marga fleiri fullorðna menn að við lifum í endurminnungunni um þennan skemmtilegasta dag ársins. En þá verða menn líka að hafa í huga, að fábreytnin í skemmtanalífinu var meiri en nú er. Þá var minna um leikhús og bíóferðir, sjónvarp var ekki til staðar og dansleikir á stað eins og Akranesi ekki margir á ári. Þess vegna er ekki nema eðlilegt að dagur eins og Sjómannadagurinn þessi eini hátíðisdagur sjómanna á árinu væri einn mesti hátíðisdagur ársins.

Hallfreður færði inn í bækur fyrir sjálfan sig tekjur og gjöld af öllu því sem viðkom Sjómannadeginum þau ár sem hann var formaður Sjómannadagsráðs og hann leyfði mér að líta í þessar bækur til gamans. Sjómannadagsráð átti að sjálfsögðu ekkert húsnæði til fundarhalda og árið 1951 tók það hús Bifreiðastöðvar Akraness á leigu til að halda þar fundi sína og greiddi fyrir það samtals 35 kr. Þetta sama ár voru teknar út vörur vegna Sjómannadagsins hjá Axel Sveinbjörnssyni fyrir 64 kr. Keyptur var

glæsilegur verðlaunabikar og á hann grafið, það kostaði 700 kr. Fyrir bíl og síma voru greiddar 52 kr. Bæjarhúsið var tekið á leigu til dansleikjahalds, það kostaði 861 kr, og leigan fyrir Bíóhöllina var 650 kr. Hermann Guðmundsson söngvari var fenginn úr Reykjavík til að skemmta og kostaði það 740 kr. Fyrir flögg voru greiddar 17,35 kr og Prentverk Akraness tók 327 kr fyrir sína vinnu. Eðvarð Friðjónsson fékk 180 kr fyrir harmonikkuleik og Lúðrasveit Akraness 560 kr fyrir sinn leik. Alls voru tekjurnar 13.000 kr en þegar upp var staðið var hagnaðurinn alls 1.742 kr. Árið 1952 var ágóðinn 8.126 kr, en 1953 8.086 kr, en árið 1954 var hann aðeins 3.180 kr og 1955 2.275 kr. Þá má geta þess að Sigurður Ólafsson söngvari var fenginn til að skemmta árin 1956,1957 og 1958 og alltaf tók hann sömu upphæð fyrir eða 1.000 kr. Árið 1957 lék hljómsveit Eðvarðs Friðjónssonar fyrir dansi og tók fyrir það 3.950 kr. Það væri gaman að bera þetta saman við tekjur og gjöld nú í lok 8. áratugarins. Ég heyrði um það að Hallfreður Guðmundsson hefði skrifað ævisögu sína og væri búinn með það verk, og þegar hann var spurður um þetta mál kvað hann það rétt vera.

En þessi saga verður aldrei gefin út, hún er aðeins fyrir mig og mitt fólk. Allt frá árinu 1916 hef ég haldið nákvæma dagbók og uppúr þessum dagbókum er ævisagan skrifuð. ég er enn að reyna að halda dagbók, en það gengur illa vegna þess að sjónin er nær því alveg horfin og sú litla skíma sem eftir er dugir ekki til skrifta lengur, eða það get ég vart kallað.

S.dór.